

Sp.

477. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 434 [Yfirfærsla á gjaldeyri til námsmanna erlendis].

Frá Gísla Jónssyni.

Fyrri málsliður meginmálgreinarinnar orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að gjaldeyrisyfirvöld láti námsmönnum þeim, er nú stunda nám erlendis í gagnlegum fræðum, nægilegan gjaldeyri í té til að standa straum af framfærslu- og námskostnaði í viðkomandi landi, enda þótt nemandi hafi þar jafnframt fyrir fjölskyldu að sjá, á meðan hann er þar við nám.